
LISTAHÁTÍÐ
Í REYKJAVÍK
2011
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL
20. MAÍ – 5. JÚNÍ
JONAS
KAUFMANN
OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
í Hörpu, Eldborg, laugardaginn 21. maí 2011

Texti í efnisskrá: Árni Heimir Ingólfsson
Íslenskun óperutexta: Reynir Axelsson
Tónleikastjóri: Arna Kristín Einarsdóttir

Tónleikarnir verða mynd- og hljóðritaðir af Ríkisútvarpinu.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum. Ljósmyndatökur, myndbands- og hljóðupptökur eru stranglega bannaðar á tónleikunum.

Prentun: Svansprent

Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Hörpu

WELCOME TO THE REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL
in Harpa, Iceland's new concert hall.
This concert is a collaboration between the Iceland Symphony Orchestra, The Reykjavík Arts Festival and Harpa. **Enjoy the concert!**

Information on the Festival, all events and artists
www.artfest.is

Information on the new concert hall
www.harpa.is

Information on the Symphony Orchestra
www.sinfonia.is

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 2011 REYKJAVIK ARTS FESTIVAL 20. MAÍ – 5. JÚNÍ

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

JONAS KAUFMANN
OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

JONAS KAUFMANN, EINSÖNGVARI
PETER SCHROTTNER, HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Giuseppe Verdi	I vespri siciliani, forleikur
Giacomo Puccini	Recondita armonia (úr Tosca)
Georges Bizet	Carmen, forleikur
Georges Bizet	La fleur que tu m'avais jetée (úr Carmen)
Franz Schmidt	Intermezzo (úr Notre Dame)
Jules Massenet	Pourquoi me reveiller (úr Werther)
Pietro Mascagni	Intermezzo sinfonico (úr Cavalleria rusticana)
Pietro Mascagni	Addio alla madre (úr Cavalleria rusticana)

Hlé

Richard Wagner	Lohengrin, Forspil að 3. þætti
Riccardo Zandonai	Giulietta, son io (úr Giulietta e Romeo)
Amilcare Ponchielli	Danza delle Ore (úr La Gioconda)
Amilcare Ponchielli	Cielo e Mar (úr La Gioconda)
Richard Wagner	Lohengrin, Forspil að 1. þætti
Richard Wagner	In fernem Land (úr Lohengrin)

JONAS KAUFMANN
TENÓR

Tenórinn Jonas Kaufmann frá München er talinn einn af mikilvægustu listamönnum samtímans. Hann hlaut mikið lof hjá gagnrýnendum jafnt sem almenningi fyrir frumraun sína sem **Lohengrin** í nýrri uppfærslu í München árið 2009 og á Bayreuth tónlistarhátíðinni 2010. Hið sama má segja um túlkun hans á **Werther** í Parísaróperunni sama ár, enda ræður hann yfir óvenju fjölbreyttu hlutverkasafni ólíkra tímabila, stíla og tungumála. Í kjölfar frumrauna hans í **Tosca** og í **Carmen**, sem báðar voru sýndar í Konunglegu óperunni í Covent Garden undir stjórn Antonio Pappano; hefur hann sungið Cavaradossi og Don Jose í Metropolitan-óperunni og jafnframt í Vín, Berlín, München og í La Scala í Mílanó þar sem hann opnaði tónleikaárið 2009 í **Carmen** undir stjórn Daniel Barenboim.

Á þessu leikári hefur hann komið fram í Covent Garden og í Berlín sem Maurizio í **Adriana Lecouvreur** á móti Angelu Gheorghiu, í **Carmen** og í nýju uppfærslunni á **Fidelio** eftir Beethoven í München, í Ríkisóperunni í Vín í **Werther** og í La Scala í **Tosca**. Hann söng í fyrsta sinn fyrir Sigmund í **Valkyrjunni** í nýrri uppfærslu Metropolitan-óperunnar í apríl og maí og í júlí 2011 snýr hann aftur til London fyrir Tosca þar sem hann syngur á móti Angelu Gheorghiu og Bryn Terfel. Kaufmann söng á sínum fyrstu bandarísku einsöngstónleikum í Los Angeles og í Berkeley nú í vor en annars má hlýða á hann á þessu tónleikaári á einsöngstónleikum í Berkeley í Kaliforníu, Frankfurt, Sevilla, Vín, Zürich, London og München.

Af verkefnum á leikárinu 2011–2012 má nefna uppfærsluna á **Faust** í Metropolitan-óperunni, en þar syngur hann einnig á einsöngstónleikum, sem er heiður sem aðeins örfáum listamönnum hefur hlotnast áður; þar á meðal Luciano Pavarotti. Kaufmann syngur í fyrsta sinn fyrir Enee í **Les Troyens** eftir Berlioz í nýrri uppfærslu í Covent Garden og snýr svo aftur til München fyrir **Don Carlos**.

Hann kemur fram á Páskahátíðinni í Salzburg sem Don Jose í **Carmen** undir stjórn Sir Simon Rattle. Sumarið 2012 verður hann í aðalhlutverki sem Bakkus í **Ariadne á Naxos** og sem Don Jose á Salzburgarhátíðinni.

Jonas Kaufmann lauk söngnámi hjá bandaríska baritónsöngvaranum Michael Rhodes og hóf óperuferil sinn í Saarbrücken. Honum var fljótlega boðið að þreyta frumraunir sínar í Stuttgart, München, Salzburg, París, Chicago og Mílanó.

Í framhaldinu gekk hann til liðs við óperuna í Zürich þar sem hann þróaði hlutverkasafn sitt enn frekar, með hlutverkum á borð við Nerone, Tito, Greifanum í **Rigoletto**, Rodolfo í **La Boheme**, **Faust** og **Parsifal**. Hann þreytti frumraun sína hjá Konunglegu óperunni í Covent Garden í **La Rondine** á móti Angelu Gheorghiu, og kom þar einnig fram í titilhlutverki **Don Carlo** árið 2009 undir stjórn Semyon Bychkov, og sem Alfredo í **La Traviata** með Önnu Netrebko. Hann túlkaði einnig hlutverk Alfredos í Metropolitan-óperunni, Lyric-óperunni í Chicago, Bæversku óperunni, Bastilluóperunni, Teatro alla Scala, óperunni í Zürich og í München. Hann opnaði leikárið 2008 hjá Lyric-óperunni í Chicago með því að syngja í fyrsta sinn Des Grieux í **Manon**, ásamt Natalie Dessay, og í framhaldi söng hann sama hlutverk í Vín.

Fyrsta sólóplata hans hjá DECCA, „Romantic Arias", varð alþjóðleg metsöluplata og fylgdi hann henni eftir með plötunni „Sehnsucht", sem inniheldur þýskar aríur, undir stjórn Claudio Abbado, „Verismo" undir stjórn Antonio Pappano og „Die schöne Müllerin". Einnig má sjá Kaufmann á DVD-diskum eins og **Carmen** frá London, **Werther** frá París og **Lohengrin** frá München. Kaufmann hefur flutt einsöngstónleika víða um Evrópu og í sumar mun hann syngja með Önnu Netrebko og Erwin Schrott á tónleikum í München, Vín og Berlín.

PETER SCHROTTNER
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Peter Schrottner lærði píanó-, fiðlu- og trompetleik og stundaði síðar nám í hljómsveitarstjórn hjá Hans Swarowsky í Vínarborg. Hann hóf feril sinn við Þjóðarleikhúsið í Mannheim, og starfaði síðar við óperuna í Frankfurt og Wagnerhátíðina í Bayreuth, þar sem hann var m.a. aðstoðarstjórnandi hjá Lorin Maazel, Pierre Boulez og Karl Böhm. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda við Fílharmóníu-hljómsveitina og Óperuna í Graz árið 1977 og hefur starfað við Þjóðaróperuna í Stuttgart frá árinu 1987. Hann hefur meðal annars stjórnað Rósariddaranum eftir Richard Strauss, Rienzi og Tristan og Ísold eftir Wagner, og Makropoulos-málinu eftir Janácek. Sem gestastjórnandi hefur hann m.a. stjórnað við Vínaróperuna, Hamborgar-óperuna, og í Berlínarfílharmóníunni. Undanfarin ár hefur hann stjórnað fjölmörgum tónleikum með Jonasi Kaufmann, meðal annars Das Lied von der Erde eftir Gustav Mahler og fjölda óperutónleika.

RECONDITA ARMONIA
Úr „Tosca“

Cavaradossi:
Recondita armonia
di bellezze diverse! ...
È bruna Floria,
l'ardente amante mia.

E te, beltade ignota,
cinta di chiome bionde!
Tu azurro hai l'occhio,
Tosca ha l'occhio nero!

L'arte nel suo mistero
le diverse bellezze insiem confonde:
ma nel ritrar costei ...
il mio sol pensier sei tu!
Tosca, sei tu!

Giuseppe Giacosa og Luigi Illica;
byggt á leikriti eftir Victorien Sardou

DULARFULLA SAMRÆMI
Úr „Tosca“

Cavaradossi:
Dularfulla samræmi
milli ólíkra fegurðardísa! ...
Flória er dökkleit,
ástríðufulla ástmærin mín.

Og þú, óþekkta þokkagyðja,
krýnd ljósu hári!
Þú hefur blá augu,
en Tosca hefur svört augu!

Listin hefur með galdri sínum blandað
þessum ólíku fegurðardísum saman í eina:
en meðan ég er að mála hana ...
er eina hugsun mín þú!
Tosca, það ert þú!

LA FLEUR QUE TU M'AVAIS JETÉE
Úr „Carmen"

José:
La fleur que tu m'avais jetée,
Dans ma prison m'était restée.
Flétrie et sèche, cette fleur
Gardait toujours sa douce odeur;

Et pendant des heures entières,
Sur mes yeux, fermant mes paupières,
De cette odeur je m'enivrais
Et dans la nuit je te voyais!

Je me prenais à te maudire,
À te détester, à me dire :
Pourquoi faut-il que le destin
L'ait mise là sur mon chemin?

Puis je m'accusais de blasphème,
Et je ne sentais en moi-même,
Qu'un seul désir, un seul espoir:
Te revoir, ô Carmen, oui, te revoir!

Car tu n'avais eu qu'à paraître,
Qu'à jeter un regard sur moi,
Pour t'emparer de tout mon être,
Ô ma Carmen!
Et j'étais une chose à toi!
Carmen, je t'aime!

Henri Meilhac og Ludovic Halévy;
byggt á sögu eftir Prosper Mérimée

BLÓMIÐ SEM ÞÚ KASTAÐIR TIL MÍN
Úr „Carmen"

José:
Blómið sem þú kastaðir til mín
var hjá mér í fangelsinu.
Þótt það væri visnað og þornað geymdi
þetta blóm alltaf ljúfa angan sína.

Og klukkustundum saman lá það
yfir augum mínum, lokaði augnlokunum,
og ég varð ölvaður af þessari angan
og sá þig fyrir hugskotssjónum um nóttina!

Ég tók að formæla þér,
að fyrirlíta þig, að segja við sjálfan mig:
Hvers vegna þurftu örlögin
að koma henni fyrir á minni vegferð?

Svo ásakaði ég sjálfan mig um guðlast,
og ég fann ekki annað innra með mér
en eina þrá, eina von,
að sjá þig aftur, Carmen, já að sjá þig aftur!

Því að þú þurftir ekki annað en birtast mér,
að kasta á mig einu augnatilliti,
til að leggja undir þig alla verund mína,
ó Carmen!
Og ég varð að þinni einkaeign!
Carmen, ég elska þig!

POURQUOI ME REVEILLER

Úr „Werther“

Werther:
Toute mon âme est là!

«Pourquoi me reveiller, Ô souffle du printemps?
Sur mon front je sens tes caresses,
Et pourtant bien proche est le temps
Des orages et des tristesses! ...

Demain, dans le vallon viendra le voyageur
Se souvenant de ma gloire première ...
Et ses yeux vainement chercheront ma splendeur:
Ils ne trouveront plus que deuil et que misère! ...

Hélas! ...
Pourquoi me reveiller, Ô souffle du printemps! ...»

Edouard Blau, Paul Milliet og Georges Hartmann; byggt á skáldsögu eftir Johann Wolfgang von Goethe

TIL HVERS ER AÐ VEKJA MIG

Úr „Werther“

Werther:
Öll sál mín er þarna [í þessum kvæðum]!

„Til hvers er að vekja mig, ó vorblær?
Ég finn atlot þín við enni mér,
og hve nálægur er samt tími
óveðra og dapurleika! ...

Á morgun reikar ferðamaður um dalinn
og minnist fyrstu vegsemdar minnar ...
og til einskis leita augu hans að glæsibrag mínum:
Þau finna ekkert nema harm og eymd! ...

Ó vei! ...
Til hvers er að vekja mig, ó vorblær! ... “

ADDIO ALLA MADRE
Úr „Cavalleria rusticana“

Turiddu:
Mamma!
Quel vino è generoso, e certo
Oggi troppi bicchieri
Ne ho tracannati ...
Vado fuori all'aperto.
Ma prima voglio
Che mi benedite
Come quel giorno
Che partii soldato.
E poi ... mamma ... sentite ...
S'io ... non tornassi ...
Voi dovrete fare
Da madre a Santa,
Ch'io le avea giurato
Di condurla all'altare.

[Lucia:
Perché parli così, figliuol mio?]

Turiddu:
Oh! nulla!
È il vino che mi ha suggerito!
Per me pregate Iddio!
Un bacio, mamma ...
Un altro bacio ... addio!

Giovanni Targioni og Guido Menasci;
byggt á leikriti eftir Giovanni Verga

MÓÐIRIN KVÖDD
Úr „Cavalleria rusticana“

Turiddu:
Mamma!
Þetta vín er sterkt, og vissulega
hef ég drukkið of marga bikara
af því í dag.
Ég ætla út undir bert loft.
En fyrst vil ég
að þú gefir mér blessun
eins og daginn
sem ég fór í herinn.
Og svo ... mamma ... hlustaðu ...
ef ég ... kem ekki aftur ...
þá verðurðu að koma fram
eins og móðir við Söntu,
því að ég sór
að leiða hana upp að altarinu.

[Lucia:
Hví talarðu svona, sonur minn?]

Turiddu:
Ó! Það er ekkert!
Það er vínið sem blæs mér þessu í brjóst!
Biddu fyrir mér til Guðs!
Koss, mamma ...
annan koss ... vertu sæl!

GIULIETTA, SON IO

Úr „Giulietta e Romeo“

Romeo:
Giulietta, son io.
Io, non mi vedi?
Io che non piango più,
Io che t'imploro,
Io che vegno a cader morto ai tuoi pedi
Perché beato e disperato
Moro senza di te, anima mia,
Così Giulietta.
Ma le fredde mani or sui capelli tuoi,
Voglio posare il cuor sopra il tuo cuore
E la bocca che il pianto ha lacerato
Vuol la tua bocca amore,
Ah! come, dimmi, ti potrò invocare,
Con quale nome più soave santo?
Ah! come, dimmi, ti saprò destare,
Con quale grido,
Con qual dolce pianto,
Con quale ardente bacio,
Anima mia?
Giulietta mia! Oh!
Morta! Dannanto me!
Son io, Romeo ... oimé!

Arturo Rossato;
byggt á leikriti eftir William Shakespeare

ÞAÐ ER ÉG, JÚLÍA

Úr „Júlía og Rómeó“

Rómeó:
Það er ég, Júlía.
Ég, sérðu mig ekki?
Ég sem græt ekki lengur,
ég sem grátbæni þig,
ég sem fell dáinn að fótum þér,
af því að sæll og örvæntingarfullur
dey ég án þín, ástin mín,
svona, Júlía.
En nú legg ég kaldar hendur mínar á hár þitt
og hjarta mitt á hjarta þitt,
og munnur minn sem er sundurslitinn af gráti
þráir ástarmunn þinn.
Æ, hvernig, segðu mér, á ég að ávarpa þig,
með hvaða ljúfa og heilaga nafni?
Æ, hvernig, segðu mér, á ég að vekja þig,
með hvaða ópum,
með hvaða ljúfum gráti,
með hvaða ástríðufullum kossi,
ástin mín?
Júlía mín! Æ!
Dáin! Bölvun hvílir á mér!
Það er ég, Rómeó ... ó vei!

CIELO E MAR

Úr „La Gioconda“

Enzo:
Cielo e mar! l'etereo velo
Splende come un santo altar.
L'angiol mio verrà dal cielo?
L'angiol mio verrà dal mare?
Qui l'attendo; ardente spira
Oggi il vento dell'amor.
Ah! quell'uom che vi sospira
Vi conquide, o sogni d'or!

Per l'aura fonda
Non appar né suol, né monte,
L'orizzonte bacia l'onda!
L'onda bacia l'orizzonte!
Qui nell'ombra, ov'io mi giacio
Coll'anelito del cor,
Vieni, o donna, vieni al bacio
Della vita e dell'amor.
Ah! vien!

Arrigo Boito;
byggt á leikriti eftir Victor Hugo

HIMINN OG HAF

Úr „Hamingjusama konan“

Enzo:
Himinn og haf! Hin eilífa blæja
ljómar eins og heilagt altari.
Kemur engillinn minn af himni?
Kemur engillinn minn af hafi?
Hér bíð ég hennar; eldheitur blæs
ástarvindurinn í dag.
Æ, megi sá maður sem þráir yður
fá áunnið yður, ó gullnu draumar!

Gegnum þykkt loftið
sést hvorki jörð né fjall,
sjóndeildarhringurinn kyssir ölduna!
Aldan kyssir sjóndeildarhringinn!
Hingað í skuggann, þar sem ég hvílist
með þrá í hjarta,
komdu, ó kona, komdu eftir kossi
lífsins og ástarinnar.
Ó, komdu!

IN FERNEM LAND

Úr „Lohengrin“

Lohengrin:
In fernem Land, unnahbar euren Schritten,
liegt eine Burg, die Montsalvat genannt;
ein lichter Tempel stehet dort inmitten,
so kostbar, als auf Erden nichts bekannt;
drin ein Gefäß von wundertät'gem Segen
wird dort als höchstes Heiligtum bewacht:
Es ward, daß sein der Menschen reinste pflegen,
herab von einer Engelschar gebracht;
alljährlich naht vom Himmel eine Taube,
um neu zu stärken seine Wunderkraft:
Es heißt der Gral, und selig reinster Glaube
erteilt durch ihn sich seiner Ritterschaft.
Wer nun dem Gral zu dienen ist erkoren,
den rüstet er mit überirdischer Macht;
an dem ist jedes Bösen Trug verloren,
wenn ihn er sieht, weicht dem des Todes Nacht.
Selbst wer von ihm in ferne Land' entsendet,
zum Streiter für der Tugend Recht ernannt,
dem wird nicht seine heil'ge Kraft entwendet,
bleibt als sein Ritter dort er unerkannt.
So hehrer Art doch ist des Grales Segen,
enthüllt — muß er des Laien Auge fliehn;
des Ritters drum sollt Zweifel ihr nicht hegen,
erkennt ihr ihn — dann muß er von euch ziehn.
Nun hört, wie ich verbotner Frage lohne!
Von Gral ward ich zu euch daher gesandt:
Mein Vater Parzival trägt seine Krone,
sein Ritter ich — bin Lohengrin genannt.

Richard Wagner

Í FJARLÆGU LANDI

Úr „Lohengrin“

Lohengrin:
Í fjarlægu landi, sem spor yðar fá ekki nálgast,
er kastali sem nefnist Montsalvat;
í miðju hans rís bjart musteri,
svo dýrmætt, að ekkert jafnast á við það á jörðu;
þar inni er ker sem býr yfir undraverðri blessun
og er varðveitt sem æðsti helgidómur:
Svo að hreinlífastir meðal manna þjónusti það
kom englaskari með það niður til jarðar;
á hverju ári kemur dúfa af himnum
til að endurnýja undrastyrk þess:
Það heitir gral, og blessuð hreinust trú
útdeilist frá því til riddarareglu þess.
Þann sem er kjörinn til að þjóna gralnum
hervæðir hann með yfirjarðneskum mætti;
gagnvart honum fer sviksemi hins illa halloka,
frá þeim sem lítur hann víkur nótt dauðans.
Jafnvel þeim, sem hann sendir burt í fjarlæg lönd
útnefndan til að berjast fyrir réttindum dyggðarinnar,
honum hverfur ekki heilagur kraftur hans,
ef hann þekkist ekki þar sem riddari hans.
Svo göfugrar náttúru er þó blessun gralsins
að sé hún afhjúpuð þarf hún að flýja augu leikra;
því ættuð þér ekki að draga riddarann í efa,
ef þér þekkið hann verður hann að víkja frá yður.
Heyrið nú, hvernig ég launa spurninguna forboðnu!
Ég var sendur til yðar af gralnum:
Faðir minn Parzifal ber kórónu hans,
ég, riddari hans, nefnist Lohengrin.

Íslenskar þýðingar gerði Reynir Axelsson

UM EFNISSKRÁNA

Giuseppe Verdi (1813–1901) var sérlega afkastamikið óperutónskáld. Á fyrri hluta ferilsins héldu honum engin bönd: hann sló í gegn í mars 1842 með óperunni Nabucco og ekki síst hinum vinsæla fangakór, Va pensiero. Næstu 11 árin samdi Verdi sextán óperur, eða eina á níu mánaða fresti að meðaltali. Þótt ekki hafi hann slegið við keppinautum á borð við hinn lúsiðna Donizetti – sem samdi 70 óperur á 25 árum – voru afköstin gríðarleg þegar tekið er tillit til gæðanna, því að meðal meistaraverkanna eru Il trovatore, Rigoletto og La traviata.

Verdi samdi Les Vêpres siciliennes (Kvöldbænir á Sikiley) fyrir Parísaróperuna árið 1852 og sver hún sig í ætt við það sem nefndist grand opéra á frönsku; risavaxin ópera að lengd og umfangi, í fimm þáttum. Óperan var síðar þýdd á ítölsku og heyrist oftar í þeirri gerð í dag, og margir telja hana lykilverk í þróun Verdis á sjötta áratug 19. aldar. I vespri siciliani gerist í Palermo á 13. öld, og forleikurinn sem er vinsælasta atriði óperunnar sækir stef sín í stef verksins. Hægur inngangurinn hefur yfir sér drungalegan blæ, en seinni hlutinn er öllu órólegri.

Giacomo Puccini (1858–1924) fæddist í organistafjölskyldu og þegar hann var ungur að árum hlaut hann styrk frá Ítalíudrottningu til að nema tónlist við Tónlistarháskólann í Mílanó. Puccini var vandvirkur með eindæmum og lét frá sér mun færri verk en margir kollegar hans. Óperan Tosca byggir á hádramatísku frönsku leikriti eftir Victorien Sardou, sem hann samdi fyrir leikkonuna frægu, Söru Bernhardt og naut mikilla vinsælda. Puccini sá hana í hlutverkinu í Flórens árið 1895, um það leyti sem hann var að ljúka við La Bohème, og var sannfærður um að þarna færi fullkomið efni í óperu. Það tók hann fjögur ár að fínpússa verkið og óperan var frumsýnd í Rómaborg árið 1900, en þar gerist leikurinn einmitt réttri öld fyrr.

Listamaðurinn Mario Cavaradossi heldur til í kirkju einni þar sem hann málar mynd af Maríu Magdalenu. Hann virðir fyrir sér strigann og myndefnið, sem er eins konar blanda af hans heittelskuðu Toscu og ókunnri konu sem hann hefur séð tilsýndar í kirkjunni. Arían er ljúf og fögur, enda fátt sem bendir til þess við upphaf óperunnar að þegar tjaldið fellur í sögulok hafi Tosca stungið illvirkjann Scarpia til bana og Cavaradossi liggi nár frammi fyrir aftökusveit.

Fáar óperur hafa notið jafn almennrar hylli um heimsbyggðina og Carmen, sem **Georges Bizet** (1838–1875) samdi á árunum 1873–74. Engin önnur frönsk ópera getur skákað henni hvað vinsældir varðar, en þó var henni misjafnlega tekið við frumflutninginn. Saga Prospers Mérimée um sígaunastúlku sem starfar í sígarettuverksmiðju og tælir bæði hermann og nautabana þótti hneykslanleg; áhorfendur áttu ekki að venjast því að sjá þess konar fólk sem söguhetjur á óperusviði. Hér hljómar glæsilegur hljómsveitarforleikurinn sem hefur spænskt yfirbragð, og aría Don José úr 2. þætti. Þau Carmen eru stödd á krá Lillas Pastia, en þegar heyrist í herlúðrum og hann býst til brottfarar sakar hún hann um að elska sig ekki. Þá dregur hann fram úr vasa sínum visið blóm sem Carmen hafði gefið honum þegar þau hittust fyrst, og tjáir henni ást sína.

Franz Schmidt (1874–1939) er ekki nafn sem er á hvers manns vörum. Hann fæddist í Bratislava en eyddi ferli sínum að mestu í Vínarborg, var sellisti í Vínarfílharmóníunni um skeið og síðar kennari og rektor Tónlistarháskólans í Vínarborg. Tvö verka hans hafa lifað lengur en önnur: óperan Notre Dame, og óratórían Das Buch mit sieben Siegeln. Notre Dame var samin á árunum 1904–06 og byggir lauslega á Hringjaranum frá Notre Dame eftir Victor Hugo.

Millispilið úr óperunni er ljóðrænt og rómantískt verk, og í því má heyra áváening sígaunatónlistar sem var Schmidt afar hugleikin og hljómar í ýmsum verka hans.

Skáldsaga Goethes, Raunir Werthers unga (1774), hafði feikileg áhrif á sinni tíð og gaf tóninn fyrir rómantískar bókmenntir 19. aldarinnar. Werther elskar Charlottu, en hún hafði heitið dauðvona móður sinni því að giftast Alberti. Werther getur þó ekki gleymt Charlottu og heldur áfram að játa henni ást sína eftir að hún hefur gengið í hjónaband. Að lokum sér hann að baráttan er vonlaus og sviptir sig lífi. Franska tónskáldið **Jules Massenet** (1842–1912) samdi óperu byggða á sögunni árin 1885–87, og er hún meðal þekktustu verka hans. Í þriðja þætti birtist Werther skyndilega á heimili Charlottu og Alberts á aðfangadagskvöld. Hún reynir að sefa sorgir hans með því að benda honum á bók með kvæðum Ossians, sem hann hafði eitt sinn reynt að þýða. Werther brestur í söng og hefur slík áhrif á Charlottu að hún gleymir sér um stund og fellur í faðm hans.

Á síðustu áratugum 19. aldarinnar stóð óperuheimurinn á krossgötum. Wagner og Verdi höfðu báðir lokið ævistarfi sínu og ný kynslóð var tilbúin að taka við. Á Ítalíu voru ungu tónskáldin innblásin af raunsæisstefnunni sem komið hafði fram í bókmenntum skömmu áður og nefndist verismo. Óperur af því tagi, t.d. Cavalleria rusticana eftir **Pietro Mascagni** (1863–1945), sögðu skilið við háfleyga söguþræði og sýndu þess í stað líf venjulegs fólks í ítölskum smábæjum. „Ópera á að vera sneið af lífinu sjálfu," sagði annað tónskáld verismo-stefnunnar, Ruggiero Leoncavallo. Bóndinn Turiddu á í ástarsambandi við Lolu, en hún er gift Alfio. Þegar Alfio fregnar hvernig í pottinn er búið skorar hann Turiddu á hólm. Í tilfinningaþrunginni aríu kveður Turiddu aldraða móður sína áður en hann heldur til einvígisins þar sem hann mun láta lífið.

Þau eru nær óteljandi, tónskáldin sem hafa sótt innblástur í harmleik Shakespeares um elskendurna ungu úr Verónsborg. Pjotr Tsjajkovskíj samdi „fantasíuforleik" um Rómeó og Júlíu, Charles Gounod samdi óperu og Hector Berlioz „dramatíska sinfóníu", Sergei Prokofiev samdi vinsæla balletttónlist og Leonard Bernstein flutti atburðarásina til nýja heimsins í söngleiknum West Side Story. Ítalska tónskáldið **Riccardo Zandonai** (1883–1944) samdi óperur í raunsæisstíl verismo-stefnunnar; hann var nemandi Mascagnis og arftaki hans á óperusviðinu. Óperur hans þykja fremur misjafnar og aðeins ein er stundum flutt í óperuhúsum í dag: Francesca da Rimini. Giulietta e Romeo var frumflutt í Róm árið 1922 og það eina sem stundum heyrist úr henni er aría elskhugans úr lokaþættinum, sem ítalski tenórinn Mario del Monaco hafði á efnisskrá sinni um árabil og tryggði að félli ekki í gleymsku.

Sumar óperur gera meiri kröfur en aðrar: La Gioconda eftir **Amilcare Ponchielli** (1834–1886) gerist í Feneyjum á 17. öld og þar úir og grúir af risavöxnum kóratriðum, glæsilegum búningum, og um miðbikið er stiginn viðamikill ballett. Ponchielli var samtímamaður Verdis og samdi óperuna á árunum 1874–76, eftir beiðni frá forleggjaranum Ricordi, sem einnig prentaði tónlist Verdis.

Söngkonan La Gioconda hrífst af Enzo, sem kveðst vera sjómaður en er í raun prins frá Genóa. Hann hefur verið gerður brottrækur úr heimaborg sinni og er kominn til Feneyja þar sem hann hittir

fyrrum ástkonu sína, Lauru, sem í millitíðinni hefur gengið að eiga Alvise, sem er yfirmaður rannsóknarréttarins. Í öðrum þætti hafa Laura og Enzo mælt sér mót að næturlagi, og meðan Enzo bíður syngur hann um fegurðina sem gagntekur huga hans.

Í þriðja þætti býður Alvise, eiginmaður Lauru, til mikillar veislu í höll sinni. Hann hefur komist að leynifundi eiginkonu sinnar og reynir að byrla henni eitur, en Enzo tekst á síðustu stundu að setja svefnlyf þess í stað. Meðal gestanna í veislunni eru Enzo og La Gioconda, og þeim til heiðurs er stiginn ballett við kunnasta þátt óperunnar, Dans tímans eða danza delle Ore, þar sem lýst er ólíkum skeiðum dagsins: dögun, hádegi, rökkri, nótt og morgni. Tónlist hefur hljómað víða og í ólíku samhengi, allt frá Fantasíu Walts Disney og yfir í dægurlög og kvikmyndir af ýmsum toga.

Richard Wagner (1811–1883) var eitt mesta óperutónskáld 19. aldar og hafði gífurleg áhrif á komandi kynslóðir bæði með djörfu hljómavali í tónlist sinni og nýstárlegum hugmyndum um samruna ólíkra listgreina í óperuforminu. Lohengrin byggir á þýskri miðaldasögn og gerist í Niðurlöndum á 10. öld. Elsa, systir hertogans af Brabant, er sökuð um að hafa myrt bróður sinn. Sá eini sem tekur málstað hennar er hinn dularfulli Lohengrin, sem krefst þess að hún spyrji aldrei um uppruna sinn. Elsa og Lohengrin ganga í hjónaband, en þegar hann er krafinn svara segist hann vera sonur Parsifals og Gralsriddari, og hverfur á brott eins skyndilega og hann kom. Þekktasta atriði óperunnar er vafalaust brúðarmarsinn sem leikinn er við mörg brúðkaup, en forleikurinn að þriðja þætti er glæsilegt hljómsveitarverk þar sem tignarlegur lúðraþytur er í forgrunni.

Árni Heimir Ingólfsson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS, HLJÓÐFÆRALEIKARAR 21. MAÍ 2011

1. fiðla
Sigrún Eðvaldsdóttir
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Ágústa María Jónsdóttir
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir

2. fiðla
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross

Víóla
Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

Selló
Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Lovísa Fjeldsted
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Inga Rós Ingólfsdóttir
Margrét Árnadóttir

Bassi
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta
Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó
Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett
Rúnar Óskarsson
Ármann Helgason
Sigurður I. Snorrason

Fagott
Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn
Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jóelsson
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet
Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna
Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
David Bobroff, bassabásúna

Túba
Roine Hultgren

Harpa
Katie Buckley

Celesta
Anna Guðný Guðmundsdóttir

Pákur
Eggert Pálsson

Slagverk
Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL 20. MAÍ – 5. JÚNÍ

MIÐASALA
www.listahatid.is
sími: 552 8588
Gimli, Lækjargötu 3
Opið: 10–16 virka daga og um
helgar meðan hátíðin stendur yfir.
midasala@artfest.is

Miðasala flyst á sýningarstað
klukkustund fyrir viðburð.

Miðasala á viðburði í Hörpu
sími: 528 5050

Allt um dagskrána á
www.listahatid.is

More information and tickets
www.artfest.is

Fíton/SÍA

Skannaðu hraðkóðann og skoðaðu
dagskrá Listahátíðar í símanum þínum

Náðu í hraðkóðalesara í símann þinn á **rautt.is**

Iceland Express samskip CENTER HOTELS PÓSTURINN Landsvirkjun